



Rekstraraðili innkaupa

Ríkiskaup
Hafdís Vala Freysdóttir

Innkaup

Skólaakstur fyrir Dalabyggð
20982
Lokatilboðsdagur: 2.7.2019 12:00

Skýringar

- Textinn er innifalinn í auglýsingunni
- Textinn er innifalinn í sérgreiningunni
- Textinn verður hluti samningsins
- Textinn verður birtur í efnisskrá samningsins
- Textinn/spurningin inniheldur kröfurnar sem þarf að uppfylla
- Textinn/spurning inniheldur ESPD kröfur
- Spurningin er vegin og tekin með í matið
- Spurningin er lögð fram í upplýsingaskyni eingöngu
- Þessari spurningu svarar kaupandinn
- Spurningin er merkt fyrir sérstaka eftirfylgni

1. Skólaakstur í Dalabyggð V20982

1.1 Almennar upplýsingar um útboð

Ríkiskaup, fyrir hönd Sveitarfélagsins Dalabyggð kt. 510694-2019, óska eftir tilboðum í skóla- og tómstundaakstur með grunn- og leikskólanemendur milli skóla og heimilis að morgni og aftur heim síðdegis alla skóladaga.

Útboðið skiptist í 7 leiðir. Stysta leiðin er um 13 km og sú lengsta um 50 km.

Sjá tækni/þarfa/kröfulýsingu.

1.1.1 Samningi skipt í hluta

Útboðið skiptist í 7 flokka (leiðir). Heimilt er að bjóða í einstaka leiðir.

Á tilboðsblaði býðst bjóðendum að bjóða afslátt í prósentum á tilboði, gegn því að samið verði við bjóðanda um allar leiðir.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að semja við einn eða fleiri verktaka um einn eða fleiri hluta.

1.1.2 Útboðsgögn

Útboðsgögn þessi eru unnin af Ríkiskaupum og kaupanda. Öll fylgiskjöl og viðaukar sem vísað er til í þessum útboðsgögnum eru hluti útboðsgagna og með tilboði sínu samþykkir bjóðandi alla útboðs- og samningsskilmála.

1.1.3 Afhending tilboða

Tilboðum skal skilað rafrænt, sjá hér: www.tendsign.is

1.1.4 Útboðsyfirlit

Umsjónaraðili útboðs hefur skipulagt eftirfarandi tímasetningar fyrir útboðsferlið (dagsetningar geta breyst).

Kynningarfundur/Vettvangsskoðun	Verður ekki haldinn
Lokadagsetning fyrirspurna og athugasemda frá bjóðendum.	23.6.2019
Tilboðsfrestur	2.7.2019 12:00
Opnun tilboða	2.7.2019 13:00
Samningstími	
Gildistími tilboðs / frestur til að taka tilboði	30.9.2019
Afhendingartími boðinnar þjónustu	20. ágúst 2019

1.1.5 Tungumál

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku.

1.2 Almennir útboðsskilmálar

1.2.1 Lög og reglugerðir

Um útboð þetta gilda ákvæði laga nr. 120/2016 um opinber innkaup (OIL) og reglugerðir á grundvelli laganna. Stangist texti útboðsgagna á við lög, vikur textinn. Lög um opinber innkaup má nálgast á heimasíðu Alþingis á slóðinni: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2016120.html>

Um samning í kjölfar innkaupaferlis gilda íslensk lög.

1.2.2 Samskipti á tilboðstíma

Ef bjóðandi/þátttakandi hefur spurningar eða athugasemdir skulu þær berast umsjónarmanni útboðs inni í útboðskerfinu.

Ekki er leyfilegt að hafa samskipti við aðra aðila hjá kaupanda eða stofnun sem annast innkaupin varðandi þetta innkaupakerfi. Víki bjóðendur frá þessu eiga þeir á hættu að tilboði þeirra verði vísað frá.

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum, hann verður var við ósamræmi í þeim sem getur haft áhrif á tilboðsinnihald og tilboðsfjárhæðina eða hann hefur athugasemdir við gögnin skal hann senda Ríkiskaupum skriflega fyrirspurn eða athugasemd í

Útboðskerfinu eigi síðar en á þeim degi sem gefinn er upp í kafla um mikilvægar dagsetningar. Svör við fyrirspurnum verða birt í útboðskerfinu.

Öll samskipti við bjóðendur á útboðstíma varðandi þetta útboð eru í höndum Ríkiskaupa. Víki bjóðendur frá þessu eiga þeir á hættu að tilboði þeirra verði vísað frá

1.2.3 Afhending tilboðs



Tilboði skal skila rafrænt í útboðskerfinu. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist.

Bjóðandi staðfestir að hafa lesið og kynnt sér útboðslýsingu þessa og samþykkir með tilboði sínu alla skilmála útboðsins.

Já/Nei. Já er krafist

Skólaakstur fyrir Dalaby...



1.2.4 Framsetning tilboðs

Bjóðandi skal í tilboði tilgreina skýrt og greinilega hvaða lögaðili/lögpersóna er bjóðandi og þar með ábyrgur fyrir innkaupunum gagnvart kaupanda. Í tilboði skal einnig koma fram hvaða aðili innan fyrirtækisins beri ábyrgð á samskiptum vegna tilboðsins. Tilboð telst vera skuldbindandi þegar því hefur verið skilað í útboðskerfinu. Tilboð skal vera undirritað og dagsett af aðila innan fyrirtækisins sem hefur skv. lögum og skipulagi fyrirtækisins heimild til að skuldbinda það. Ef ósamræmi eða reiknivillur eru í tilboði, er Ríkiskaupum heimilt að miða við það einingarverð sem fram kemur á tilboðsblöðum ef villa er augljós og leiðrétting raskar ekki jafnræði bjóðenda.

Athygli er vakin á að rafræn heiti skjala mega ekki innihalda sértákn, svo sem % & ? o.s.frv.

Sé tilboð lagt fram í umboði annars aðila skal bjóðandi skila inn sérstöku formi þar að lútandi.

1.2.5 Framlenging á gildistíma tilboða

Þegar kaupanda er ekki unnt að taka afstöðu til tilboða innan tilboðsfrests er heimilt að óska eftir því að bjóðendur framlengi tilboð sín í stuttan tíma. Skilyrði er að fyrir liggi samþykki allra þátttakenda eða málefnalegar ástæður réttlæti framlengingu. Með sama skilyrði er heimilt að óska eftir því, eftir að tilboðsfrestur hefur runnið út, að bjóðendur lýsi því yfir að tilboð þeirra séu gild að nýju, þó aðeins í mjög stuttan tíma.

1.2.6 Fylgigögn með tilboði

Í útboðsgögnum þessum er tilgreint hvaða gögn og upplýsingar bjóðendur skulu skila inn með tilboði sínu og skal umbeðnum gögnum og upplýsingum skilað í samræmi við þau fyrir mæli.

1.2.7 Afturköllun tilboða

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt í útboðskerfinu áður en tilboðsfrestur rennur út.

1.2.8 Frávísun tilboða

Ríkiskaup áskilja sér rétt til að vísa frá óskýrum tilboðum sem hafa ekki að geyma þær upplýsingar sem krafist er í útboðsgögnum.

1.2.9 Tilkynning um val tilboðs og biðtími

Óheimilt er að gera samning í kjölfar ákvörðunar um val tilboðs fyrr en að liðnum lögmætum biðtíma, sbr. 23. gr. OIL frá deginum eftir að tilkynning skv. 1. og 2. mgr. 85. gr. telst birt.

Tilboð verður samþykkt endanlega með skriflegum hætti innan gildistíma þess sbr. skilmála útboðs og er þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.

Ef tilboði verður tekið er kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.

1.2.10 Samþykki tilboðs eða höfnun tilboðs

Ríkiskaup/kaupandi munu samþykkja hagstæðasta/ustu gilda/u tilboð samkvæmt valforsendum útboðsskilmála.

Þar til búið er að gera endanlegan samning er kaupanda heimilt að hætta við útboðið á grundvelli málefnalegra ástæðna. Ástæður geta t.d. verið að engin gild tilboð bárust, tilboð eru óaðgengileg vegna þess að þau eru yfir kostnaðaráætlun eða fjárheimildum kaupanda.

Kaupandi mun hafna öllum tilboðum sem eru yfir kostnaðaráætlun en áskilur sér þó rétt til að taka tilboðum sem eru yfir kostnaðaráætlun að því gefnu að honum takist að útvega fjármagn sem upp á vantar.

1.2.11 Undirverktaka

Seljandi skal upplýsa kaupanda í tilboði hvaða undirverktaka hann hyggst nota og leita samþykkis kaupanda áður en undirverktaki hefur störf. Seljandi ber fulla ábyrgð á því að undirverktaki skili verkefni í samræmi við útboðsskilmála. Verði breytingar á vali á undirverktaka á samningstíma gildir það sama.

Komi tilboð til álita er kaupanda heimilt að krefjast þess að bjóðandi leggi einnig fram hæfisyfirlýsingu skv. 73. gr. OIL fyrir undirverktaka og síðar ef breyting verður varðandi undirverktaka á samningstíma.

Ef útlokunarástæður skv. 68. gr. OIL eiga við um undirverktaka er seljanda skylt að útvega nýjan undirverktaka í hans stað. Sama á við ef undirverktaki uppfyllir ekki kröfur um tæknilegt hæfi varðandi þann samningsþátt sem honum er falinn.

Undirverktaka skal í öllum tilvikum byggjast á skriflegum samningi og skal bjóðandi skila yfirlýsingu/staðfestingu viðkomandi undirverktaka þar um, komi tilboðið til álita.

Sömu kröfur eru gerðar til undirverktaka varðandi bifreið og bifreiðastjóra.

Kaupanda er heimilt að greiða vangoldnar launagreiðslur beint til undirverktaka á kostnað

aðalverktaka standi hann ekki í skilum með launatengdar greiðslur. Kaupanda er heimilt á samningstíma að fara á starfsstöð seljanda og fá upplýsingar um starfsmenn og launagreiðslur til þeirra. Seljandi skal gera undirverktaka grein fyrir þessari samningsskyldu.

**Ætlar bjóðandi að fela þriðja aðila framkvæmd hluta samnings?
Hér ber að upplýsa ef svo er og greina frá hvaða hluti samnings
og hvaða verkefni felast í þeim hluta.**

Skólaakstur fyrir Dalaby...



Já/Nei

1.2.12 Umboð

Sé tilboð lagt fram í umboði annars aðila skal bjóðandi skila inn sérstöku formi (umboði) þar að lútandi

a. Er tilboð lagt fram í umboði annars aðila

Skólaakstur fyrir Dalaby...



Já/Nei

b. Hér skal skila inn umboði ef við á

Skólaakstur fyrir Dalaby...



Viðhengi

1.2.13 Almennir fyrirvarar

Útboðs- og samningsgögn þessi gilda varðandi kaupin og upplýsingar sem kaupandi hefur veitt varðandi fyrirhugaðan samning, áður en útboð var auglýst, hafa enga þýðingu. Seljendur geta ekki byggt rétt á þeim gagnvart kaupanda.

Sé ekki gert ráð fyrir formlegri undirritun samnings, telst bindandi samningur kominn á eftir að kaupandi hefur sent út tilkynningu um samþykki/töku tilboðs.

Kaupandi getur hætt við kaup uns bindandi samningur hefur verið gerður. Ástæður geta m.a. verið að þarfir kaupanda hafa breyst, ný tækni kallar á aðrar lausnir en útboðsgögn gera ráð fyrir eða ófyrirsjáanleg útgjöld kaupanda gera honum ókleift að framkvæma kaupin.

Komi í ljós skömmu fyrir lok tilboðsfrests, að gera þarf stórvægilegar breytingar á útboðsgögnum sem ekki rúmast innan marka 90. gr. OIL, áskilur kaupandi sér rétt til að hætta við útboð bótaust og auglýsa útboðið að nýju.

Kaupandi mun hafna öllum tilboðum sem eru yfir kostnaðaráætlun en áskilur sér þó rétt til að taka tilboðum sem eru yfir kostnaðaráætlun að því gefnu að honum takist að útvega fjármagn sem upp á vantar.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum frá bjóðanda sem hefur gerst sekur um mútur, ólöglegt samráð eða brot gegn samkeppnislögum. Komi í ljós að seljandi hefur hlotið samning vegna slíkra brota, áskilur kaupandi sér rétt til skaðabóta og bendir auk þess á ákvæði samkeppnislaga og hegningarlaga varðandi sektir og önnur viðurlög fyrir slík brot.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum frá bjóðanda þegar verulegir eða viðvarandi annmarkar hafa verið á framkvæmd fyrirtækis hans á efnislegum kröfum samkvæmt fyrri opinberum samningum sem hafa leitt til riftunar á samningi, kröfu um skaðabætur eða annarra svipaðra viðurlaga.

Komi í ljós að seljandi hefur boðið of lágt og getur ekki framkvæmt samning fyrir tilboðsfjárhæð og kaupandi þarf að leggja fram meira fé vegna samningsins, mun fara fram rannsókn á því hver ber ábyrgðina og hverju það sætti. Komi í ljós að um brot á lögum er að ræða verður viðeigandi yfirvöldum gert viðvart.

1.2.14 Fyrirvari um óvirkni samnings og bótaskyldu kaupanda

Kærunefnd útboðsmála getur, ef skilyrði óvirkni eru fyrir hendi, lýst samning óvirkan samkvæmt ákvæðum 115. gr. OIL en þó aðeins samning sem er yfir viðmiðunarfjárhæðum á Evrópska efnahagssvæðinu sbr. 4. mgr. 23. gr. Úrskurður um óvirkni samnings hefur þau áhrif að réttindi og skyldur samkvæmt aðalefni samnings falla niður. Óvirkni samnings skal takmörkuð við þær greiðslur sem enn hafa ekki farið fram. Að því er varðar greiðslur sem þegar hafa farið fram kveður kærunefnd á um önnur viðurlög skv. 118. gr. OIL. Sjá nánar 115. gr. OIL. Kaupandi vekur athygli á þessu og setur fram þann fyrirvara að kaupandi áskilur sér rétt til að hafna öllum bótakröfum þegar hann í góðri trú gerir samning sem síðar er gerður óvirkur. Sama á við um Ríkiskaup, aðstoði þau við innkaup.

1.2.15 Persónuvernd

Þar sem einhver þeirra gagna sem óskað er eftir frá bjóðendum kunna að innihalda persónuupplýsingar skal það tekið fram að fyllsta öryggis verður gætt við meðhöndlun og geymslu þeirra gagna. Enginn óviðkomandi mun hafa aðgang að þeim gögnum er innihalda persónuupplýsingar og þær geymdar á tryggum stað innan Ríkiskaupa. Gögnin verða ekki afhent þriðja aðila né verða þau flutt út fyrir EES svæðið. Á heimasíðu Ríkiskaupa má sjá persónuverndarstefnu stofnunarinnar.

Ríkiskaup telur að stofnunin hafi gert viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra upplýsinga/gagna sem stofnunin fær aðgang að/afrit af og meðhöndlar þau gögn í samræmi við gildandi lög um persónuvernd hverju sinni.

Hinn skráði á rétt á að fara fram á það við ábyrgðaraðila (Ríkiskaup) að fá aðgang að persónuupplýsingum, láta leiðrétta þær, takmarka vinnslu þeirra hvað hinn skráði varðar eða til að andmæla vinnslu.

Samningsaðilar bera bótaábyrgð skv. persónuverndarlögum og geta ekki samið sig undan henni.

1.2.16 Trúnaður

Ríkiskaupum/kaupanda er óheimilt skv. 17. gr. OIL að láta af hendi viðkvæmar upplýsingar sem fyrirtæki/bjóðandi hefur lagt fram sem trúnaðarupplýsingar. Til slíkra upplýsinga teljast upplýsingar um rekstur, sértækar tæknilausnir, einingarverð, fjárhagsmálefni og viðskipti og aðrar þær upplýsingar sem skaðað geta hagsmuni fyrirtækisins ef aðgangur er veittur að þeim. Kaupanda er heimilt að krefjast þess að fyrirtæki gæti trúnaðar um mikilvægar upplýsingar sem

veittar eru meðan á innkaupaferli stendur.

Bjóðandi skal auðkenna sérstaklega þá kafla tilboðs sem afhentir eru sem trúnaðarmál. Þetta hefur ekki áhrif á skyldu opinbers aðila til að leggja fram upplýsingar á grundvelli upplýsingalaga. Trúnaðarskyldan vísar ef önnur ákvæði laganna kveða á um að skyld sé að afhenda gögn, t.d. skylda til að birta opinberlega tilkynningu um gerð samnings á Evrópska efnahagssvæðinu og upplýsa þátttakendur og bjóðendur um tiltekin atriði sem og skylda til að veita kærunefnd útboðsmála upplýsingar.

1.2.17 Leiðbeiningar um kæruleiðir

Í XI. og XII. kafla OIL er fjallað um kærunefnd útboðsmála og kæruleiðir. Þar kemur m.a. fram í 1. mgr. 106 gr.: Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan 20 daga frá því að kærandi vissi um eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Kröfu um óvirkni samnings er þó heimilt að bera undir nefndina innan 30 daga frá framangreindu tímamarki. Þó verður krafa um óvirkni samnings ekki höfð uppi þegar sex mánuðir eru liðnir frá gerð hans. Við nánari ákvörðun frestsins gildir eftirfarandi:

- Þegar kærð er ákvörðun um val tilboðs eða aðrar ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr. 85. gr. skal miða upphaf frests við birtingu þeirra tilkynninga sem þar greinir, enda hafi þær að geyma tilskildar upplýsingar.
- Þegar höfð er uppi krafa um óvirkni samnings sem gerður hefur verið án undanfarandi útboðsauglýsingar skal miða upphaf frests við eftirfarandi birtingu tilkynningar um gerð samningsins í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, enda komi þar fram rökstuðningur ákvörðunar kaupanda um að auglýsa ekki innkaup.

Í kæru skulu koma fram upplýsingar um kæranda, þann aðila sem kæra beinist að (varnaraðila) og ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem er kærð. Í kæru skulu koma fram kröfur kæranda ásamt stuttri lýsingu málsatvika og málsástæðna sem og rökstuðningur. Kröfugerð kæranda skal lúta að úrræðum nefndarinnar samkvæmt lögum þessum. Kærandi skal tilkynna kaupanda um kæru eins skjótt og mögulegt er. Sjá nánar 106. gr. OIL.

Fyrir hverja kæru skal greiða kærugjald að fjárhæð 150.000 kr. Bjóðandi er hvattur til að kynna sér frekar réttarúrræði laga nr. 120/2016 (OIL).

Upplýsingar um kærunefnd útboðsmála eru birtar á heimasíðu fjármála- og efnahagsráðuneytis.

1.3 Hæfi bjóðanda

Í þessum kafla er lýst hæfiskröfum til bjóðenda. Ef bjóðandi uppfyllir ekki allar hæfiskröfur útboðsins, telst tilboð hans ógilt skv. 82. gr. OIL og verður vísað frá. Ef fyrirtæki byggir á getu annars aðila í samræmi við 76. gr. OIL skal hæfisyfirlýsing bjóðanda einnig innihalda viðeigandi upplýsingar skv. 1. mgr. 73. gr., um þann aðila.

Fyrirtæki skal jafnframt sanna fyrir kaupanda að það hafi tryggt sér tilgreinda aðstoð, t.d. með því að leggja fram skuldbindandi yfirlýsingu aðila um að hann muni annast verkið eða þjónustuna. Hæfi bjóðenda verður metið á grundvelli þeirra upplýsinga sem þeir senda inn með tilboðum sínum, eða gögnum sem Ríkiskaup hafa áskilið sér rétt til að óska eftir

1.3.1 Yfirlýsing um hæfi - ESPD

Bjóðanda er heimilt að fylla út og skila með tilboði samevrópsku hæfisyfirlýsingunni (skv. 73. gr. OIL) á heimasíðu ESPD-þjónustunnar á eftirfarandi slóð:

<https://ec.europa.eu/tools/espd/filter?lang=ishttp://www.rikiskaup.is/utbod/haefisyfirlýsing--espd/>

Komi tilboð hans til greina skal hann tafarlaust að beiðni kaupanda geta lagt fram þau sönnunargögn sem krafist er í 74. gr. OIL, sbr. útboðslýsingu í útboðskerfi.

Kjósi bjóðandi frekar að fylla ekki út samevrópska yfirlýsingu um hæfi, er honum heimilt að skila öllum umbeðnum gögnum um hæfi með tilboði sbr. kröfur í útboðskerfi.

1.3.2 Byggt á getu annarra

Ef fyrirtæki byggir á getu annars aðila í samræmi við 76. gr. OIL skal hæfisyfirlýsing bjóðanda einnig innihalda viðeigandi upplýsingar skv. 1. mgr. 73. gr., um þann aðila.

Fyrirtæki skal jafnframt sanna fyrir kaupanda að það hafi tryggt sér tilgreinda aðstoð, t.d. með því að leggja fram skuldbindandi yfirlýsingu aðila um að hann muni annast verkið eða þjónustuna. Kaupandi áskilur sér rétt til að krefjast þess að bjóðandi og viðkomandi aðili beri sameiginlega ábyrgð á efndum samnings sbr. 3. mgr. 76 .gr. OIL.

Byggi bjóðandi á getu annars fyrirtækis eða fyrirtækja skal það fyrirtæki/þau fyrirtæki skila inn sömu upplýsingum og bjóðandi. Kaupandi áskilur sér rétt til að krefjast þess að bjóðandi og viðkomandi aðili beri sameiginlega ábyrgð á efndum samnings sbr. 3. mgr. 76 .gr. OIL.

1.3.3 Útilokunarástæður bjóðanda



Bjóðandi sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir eftirtalin afbrot skal útilokaður frá þátttöku í innkaupaferli:

- 1) þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum,
- 2) spillingu,
- 3) sviksemi,
- 4) hryðjuverk eða brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi,
- 5) peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka,
- 6) barnþrælkun eða annars konar mansal.

Skylda til að útiloka þátttakanda eða bjóðanda gildir einnig þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir brot skv. 1. mgr., er í stjórn, framkvæmda-stjórn eða eftirlitsstjórn viðkomandi fyrirtækis eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yfiráða í því.

Þátttakandi eða bjóðandi skal útilokaður frá þátttöku í innkaupaferli hafi hann brotið gegn skyldum um greiðslu opinberra gjalda, lífeyrissjóðsiðgjalda eða annarra lögákveðinna gjalda og því hefur verið endanlega slegið föstu með ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds þar sem bjóðandi er skráður eða í aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Bjóðandi skal skila inn vottorði þess efnis og má það ekki vera eldra en 3 mánaða.

Auk þess áskilur kaupandi sér rétt til að útiloka fyrirtæki frá þátttöku í innkaupaferli ef aðrar ástæður til útilokunar sem tilgreindar eru í 68. gr. OIL eiga við um hann. Með heimild í 6. mgr. 68. gr. laga um opinber innkaup og með vísan til tilmæla OECD, Working group on Bribery, munu Ríkiskaup og kaupandi við mat á hæfi bjóðanda og ákvörðun um samningsgerð taka mið af því hvort fyrirtæki hefur gert nægar ráðstafanir til að koma í veg fyrir og upplýsa um mútugreiðslur af hálfu starfsmanna fyrirtækisins til innlendra og erlendra aðila, t.a.m. með innri úttektum, ábendingarhnaup á heimasíðu, siðareglum og stefnu varðandi gjafir og umbun til viðskiptaaðila. Bjóðandi skal staðfesta og upplýsa hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar í þessu skyni í tilboði sínu. Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla hvenær sem er eftir frekari gögnum skv. 74. gr.

Með því að undirrita tilboð, staðfestir bjóðandi að framangreindar útilokunarástæður eiga ekki við um hann (fyrirtækið), einstaklinga í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækisins og heldur ekki um einstaklinga sem hafa heimild til fyrirsvars, ákvarðanatöku eða yfirráða í því.

Já/Nei. Já er krafist

Skólaakstur fyrir Dalaby...



1.3.4 Starfs- og atvinnuleyfi/námskeið



Bjóðandi er ábyrgur fyrir því og skal tryggja að allir starfsmenn sem koma að veitingu þjónustunnar hafi viðeigandi starfs- og atvinnuleyfi sem tryggja þeim rétt til að vinna að verkefninu. Seljandi skal tryggja að bifreiðastjórar sækja námskeið í skyndihjálpi a.m.k einu sinni á tveggja ára fresti á meðan samningurinn er gildur.

Bjóðandi sem nýtir starfsmannaleigu skal geta sýnt fram á að hún hafi verið tilkynnt til Vinnuálastofnunar og hafi starfsleyfi á Íslandi. Bjóðandi sem fyrirhugar að ráða ríkisborgara frá ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, EFTA-ríkis eða Færeyja skal sækja um og vera búinn að fá útgefið atvinnuleyfi áður en viðkomandi hefur störf.

a. Atvinnuleyfi sem tryggir bjóðanda rétt til að vinna við akstur farþegabifreiða.

Viðhengi

Skólaakstur fyrir Dalaby...



b. Vottorð fullnægjandi

Já/Nei. Já er krafist

Skólaakstur fyrir Dalaby...



1.3.5 Fjárhagsstaða bjóðanda

Fjárhagsstaða bjóðanda skal vera það trygg að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda, sbr. 71. gr. OIL.

1.3.6 Opinber gjöld



Bjóðandi skal vera í skilum með öll opinber gjöld þar með talið skatt, virðisaukaskatt og lífeyrisskuldbindingar.

Krafa	Staðfesting
Bjóðandi skal vera í skilum við Tollstjóra.	Vottorð frá Tollstjóra ekki eldra en þriggja mánaða á opunardegi tilboða.
Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrisskuldbindingar sínar.	Vottorð frá öllum viðeigandi lífeyrissjóðum.

Litið er svo á að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld hafi hann samið við skattayfirvöld um vanskil sín á opinberum gjöldum og standi við greiðslur samkvæmt þeim samningi. Samningar um opinber gjöld sem eru í skilum teljast því ekki til vanskila. Sjá nánar 68. gr. OIL.

a. Vottorð frá Tollstjóra

Viðhengi

Skólaakstur fyrir Dalaby...



b. Vottorð frá öllum viðeigandi lífeyrissjóðum

Viðhengi

Skólaakstur fyrir Dalaby...



c. Vottorð fullnægjandi

Já/Nei. Já er krafist

Skólaakstur fyrir Dalaby...



1.3.7 Tæknileg og fagleg geta bjóðanda



Tæknileg og fagleg geta fyrirtækis skal vera það trygg að það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda. Fyrirtæki er heimilt að byggja á fjárhagslegri, tæknilegri og faglegri getu annarra aðila óháð lagalegum tengslum við þá, sbr. 76. gr. OIL.

Eftirfarandi kröfur eru gerðar til tæknilegrar og faglegrar getu bjóðanda:

Krafa	Staðfesting
<ul style="list-style-type: none"> Bjóðandi skal sanna að þeir bifreiðastjórar sem hann hyggst nota hafi að lágmarki eins árs reynslu af akstri sambærilegra ökutækja og nota skal til verksins. Bjóðandi skal sanna, með viðeigandi 	<ul style="list-style-type: none"> Viðeigandi gögn teljast t.d. tilvísanir í önnur sambærileg verk og meðmælendur. Skila skal nafni fyrri verkkaupa ásamt upplýsingum um símanúmer og netfang.

<p>gögnum, að bifreiðastjórar hans, sem koma til með að sinna verkinu, hafi viðeigandi bifreiðaréttindi og öll tilskilin leyfi til aksturs með skólabörn gegn gjaldi.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Bjóðandi skal sanna að bifreiðastjórar hans, sem koma til með að sinna verkinu, hafi sótt skyndihjálparnámskeið sem sérstaklega eru ætluð bílstjórum fólksflutningabíla, a.m.k. einu sinni sl. þrjú ár. • Bjóðandi skal sanna að bifreiðastjórar hans, sem koma til með að sinna verkinu hafi hreint sakavottorð. • Bjóðandi skal sýna fram á með skráningarskírteinum og tæknilegum upplýsingum að bifreiðar sem ætlaðar eru til þeirra verka sem óskað er tilboða í séu útbúnar samkvæmt lögum og reglugerðum. • Bjóðandi skal sanna að bifreiðar sem ætlaðar eru til verksins séu skoðaðar (skoðunarvottorð) og tryggðar (tryggingaskírteini). Ef um nýja bifreið er að ræða fylgi áætlun um skoðun og tryggingar. 	<ul style="list-style-type: none"> • Viðeigandi gögn teljast t.d. afrit af ökuleyfi og afrit af leyfi til farþegaflutninga frá Samgöngustofu. • Afrit af þáttökuskírteini/um um að skyndihjálparnámskeið. Dagsetning námskeiða skal koma fram. • Afrit af sakavottorði bifreiðastjóra. • Afrit af skráningarskírteini þeirra bifreiða sem notaðar verða í þjónustuna sem og önnur gögn sem staðfest geta að öllum lögum og reglum sé fylgt. • Staðfesting frá þar til bærur aðilum, á því að bifreiðar séu skoðaðar og tryggðar.
--	---

Bjóðendur vinsamlegast athugið að staðfesta skal að ofangreindargreindar kröfur um reynslu og þjónustu séu uppfylltar, hér að neðan. Ríkiskaup áskilja sér rétt til að sannreyna þetta og skulu bjóðendur, í þeim tilvikum, tafarlaust veita umbeðnar upplýsingar sem málið varða, ella áskilja Ríkiskaup sér rétt til að vísa tilboði frá þessu útboði.

Þá áskilja Ríkiskaup sér rétt til að hafna bjóðanda/bifreiðastjóra sem sýnt hefur alvarlega vanrækslu í starfi eða ósæmilega hegðun og áskilur kaupandi sér rétt til þess að hafa samband við fyrri viðskiptavini bjóðanda/bifreiðastjóra til umsagnar.

Tilboð aðila sem eru í vanskilum með vörsluskatta, opinber gjöld, lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóði, bifreiðagjöld og þing- og sveitarsjóðsgjöld verður vísað frá.

Ríkiskaup munu vísa frá óskýrum tilboðum sem hafa ekki að geyma þær upplýsingar sem krafist er í útboðsgögnum. Ef ekki er nokkur kostur að bera saman tilboð án þess að kalla eftir skýringum á tilboðum áskilja Ríkiskaup sér rétt til að senda fyrirspurn á hlutaðeigandi bjóðanda/bjóðendum með rafrænum hætti og krefjast upplýsinga innan stutts frests. Skýringar fela ekki í sér nýtt tilboð eða samningaumleitanir.

a. Skrá yfir sambærileg verk

Viðhengi

Skólaakstur fyrir Dalaby...

**b. Afrit af ökuleyfi/um bifreiðastjóra og afrit af leyfi til farþegaflutninga**

Viðhengi

Skólaakstur fyrir Dalaby...

**c. Sakavottorð þeirra er koma munu að þjónustunni**

Viðhengi

Skólaakstur fyrir Dalaby...

**d. Skráningaskírteini þeirra bifreiða sem notaðar verða í aksturinn**

Viðhengi

Skólaakstur fyrir Dalaby...

**e. Skoðunarvottorð og tryggingaskírteini þeirra bifreiða sem notaðar verða í aksturinn**

Viðhengi

Skólaakstur fyrir Dalaby...

**f. Upplýsingar fullnægjandi**

Já/Nei. Já er krafist

Skólaakstur fyrir Dalaby...

**1.3.8 Gæðastaðlar**

Kaupandi gerir kröfu um að bjóðandi leggi fram vottorð frá óháðum aðilum til staðfestingar á að fyrirtæki uppfylli gæðastaðla eða sambærilegt sbr. 75. gr. OIL.

1.3.9 Viðskiptasiðferði

Bjóðandi / seljandi ábyrgist að hann og starfsmenn hans eru ekki sekir um spillingu og mun með virkum hætti vinna gegn öllum tegundum spillingar, fjárkúgunar og peningaþvættis. Gerð er

krafa um bann við að bjóða, lofa eða gefa viðskiptavinum, birgjum og/eða opinberum starfsmönnum óviðeigandi eða ólögmatan ávinning, fyrirgreiðslu eða gjöf í tengslum við samning þennan. Sama á við um að þiggja slíkan ávinning, fyrirgreiðslu eða gjöf í tengslum við samninginn.

Með því að sækja útboðsgögn og senda inn tilboð staðfestir bjóðandi / seljandi að fyrirtæki hans framangreint. Sjá nánar skilmála um viðskiptasiðferð á vef Ríkiskaupa þar sem fjallað er um viðurlög við mútum.

1.3.10 Áskilnaður um frekari upplýsingar um hæfi á síðari stigum

Ríkiskaup áskilja sér rétt til að óska eftir frekari upplýsingum á síðari stigum til sönnunar á því að ekki séu fyrir hendi ástæður til útilokunar skv. VI kafla laga nr. 120/2016 um opinber innkaup. Með framlagningu tilboðs í útboði þessu samþykkir bjóðandi að Ríkiskaup kanni hvort útilokunarástæður laga um opinber innkaup eigi við um hann ef tilboð hans kemur til álita. Sem dæmi má nefna að bjóðendum kann að vera flett upp í Creditinfo. Bjóðandi samþykkir jafnframt að slík upplýsingaöflun kann að varða fyrirtækið sem um ræðir, eigendur þess og stjórnendur og fyrirtæki sem eru forverar þess, sbr. 7. mgr. 68. gr. OIL.

1.4 Valforsendur

Tilboð verður valið á grundvelli neðangreindra valforsendna skv. 79. gr. OIL.

Tilboð skulu vera bindandi. Ef gerður er fyrirvari um að tilboð sé ekki bindandi þá er það metið ógilt.

Kaupandi mun taka hagkvæmasta tilboði, eða hafna öllum ef málefnalegar ástæður gefa tilefni til. Ennfremur áskilja Ríkiskaup sér rétt til að taka tilboði frá fleiri en einum aðila.

Leyfilegt er að bjóða í stakar leiðir innan hvers flokks.

Hægt er að bjóða aukaafslátt í flokk sem reiknast ef samið verður við sama aðila um allar leiðir. Athugið heildarafsláttur reiknast af boðnum verðum í leiðir, en ekki af afsláttarverði í flokk.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum þar sem heildarkostnaður vegna boðins er yfir kostnaðaráætlun.

1.4.1 Val á tilboðum

Við val á tilboði er gengið út frá hagkvæmasta boði. Hagkvæmasta tilboð er það boð sem fullnægir þörfum kaupanda best samkvæmt þeim forsendum sem hér eru settar fram.

Valforsendur:

- Verð 85 stig
- Þjónustunánd 15 stig

Eftirfarandi atriði verða höfð til hliðsjónar við mat á tilboðum:

Verð 85 stig. Stig fyrir þennan lið verða gefin skv. eftirfarandi: Lægsta boðna verð fær 85 stig, eftir það ræður eftirfarandi reiknilíkan: STIG: Lægsta boðna akstursleið/Boðið í akstursleið*85

Þjónustunánd 15 stig, Vegna aðstæðna sem geta skapast á útboðnum akstursleiðum skiptir máli fyrir verkkaupa að þjónustunánd sé við verksala. Starfsstöð bifreiðar sem þjónusta á boðna akstursleið þarf að vera innan 10 km frá akstursleið til að fá 15 stig fyrir þennan þátt. Gefin verða að hámarki 15 stig ef sýnt er framá að þjónustunánd tilboðsgjafa er innan 10 km frá ökuleið sem boðið er í. Ef þjónustunánd er milli 10 og 20 km fást 10 stig, þjónustunánd sem er milli 20 og 30 km gefa 5 stig. Ef lengra er í verksala en 30 km fást engin stig fyrir þennan lið.

1.4.2 Frávikstilboð

Ekki er heimilt að gera frávikstilboð.

1.5 Samningsskilmálar

1.5.1 Samningsgögn

Útboðsgögn, þ.m.t. viðaukar, svör við fyrirspurnum og athugasemdum til bjóðenda á tilboðstíma og tilboð bjóðanda er hluti af samningi þessum. Stangist texti samningsgagna á við lög, vikur samningstextinn.

1.5.2 Samningstími

Samningstími er frá því að tilboði er tekið eða skv. ákvörðun í samningi 1.8.2019 til 31.7.2022. Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 3ja mánaða fyrirvara, í fyrsta lagi 9 mánuðum eftir undirritun.

Heimilt er að framlengja samninginn 2 sinnum um eitt ár í senn, þannig að samningstími verði samtals 5 ár.

1.5.3 Afhending og afhendingarskilmálar

Akstur samkvæmt útboði þessu skal hefjast í byrjun skólaárs 2019.

1.5.4 Samskipti á samningstíma

Þegar kominn er á samningur mun kaupandi skipa fulltrúa sinn til að annast samskipti við seljanda á samningstímanum. Hlutverk hans verður að hafa eftirlit með því, fyrir hönd kaupanda, að verkefnið sé framkvæmt samkvæmt ákvæðum samnings.

Seljandi er bundinn af reglum Dalabyggðar um skólaakstur sem eru fylgiskjal með útboðsskilmálum þessum.

Seljandi skal tilnefna umsjónarmann sem tekur á móti kvörtunum kaupanda og kaupandi hefur samskipti við. Umsjónarmaðurinn skal vera tilbúinn til að taka allar nauðsynlegar ákvarðanir og geta skuldbundið fyrirtækið fjárhagslega auk þess sem hann skal sitja alla nauðsynlega samráðsfundi með kaupanda.

Ekki er heimilt að óska eftir breytingum á samningsskilmálum útboðs nema um smávægilegar breytingar sé að ræða sem breyta ekki grundvallarþáttum tilboðs sem gert var á grundvelli útboðs þessa. Sjá nánar 90. gr. OIL.

1.5.5 Verð og verðbreytingar

Tilboð skulu innihalda allan kostnað og gjöld sem hljótast af vegna kaupanna/verksins, hverju nafni sem þau nefnast, þar með talinn rekstrarkostnað. Samningsfjárhæðir eru án virðisaukaskatts.

Tilboð skulu innihalda allan kostnað og gjöld sem hljótast af vegna verksins, hverju nafni sem þau nefnast að undanskildum virðisaukaskatti en hann bætist við eins og lögboðið er hverju sinni.

Tilboðsfjárhæðir samningshafa skulu endurskoðaðar á sex mánaða fresti með tilliti til breytinga á vísitölu neysluverðs að hálfu (50%) og vísitölu neysluverðs, undirvísitölu (072) rekstur ökutækja að hálfu (50%). Miða skal við nýjustu útgáfu af vísitölu neysluverðs útgefna af Hagstofu Íslands eins og hún er þegar endurskoðun fer fram. Tilboð bjóðenda skulu miðuð við verðlag opnunarmánaðar (júní 2019) sem telst grunnvísitala. Fyrsta endurskoðun samningsfjárhæða skal fara fram í janúar 2020.

Tilboð skulu innihalda allan kostnað og gjöld sem hljótast af vegna verksins, hverju nafni sem þau nefnast að undanskildum virðisaukaskatti en hann bætist við eins og lögboðið er hverju sinni.

Fyrsta breyting á samningsfjárhæðum fer fram 1. janúar 2020.

Ósk um verðbreytingu ásamt nýjum verðlista skal berast á tölvutæku formi þar sem fram kemur upphafleg viðmiðunarvísitala og hin nýja sem forsendur breytinga miðast við. Komi verðbreyting til framkvæmda, myndast ný grunnvísitala og forsendur fyrir breytingum verða þær sömu. Endurskoðun fer fram einusinni á ári.

Miða skal við nýjustu útgáfu af vísitölu neysluverðs útgefna af Hagstofu Íslands eins og hún er þegar endurskoðun fer fram. Tilboð bjóðenda skulu miðuð við verðlag sem telst grunnvísitala. Fyrsta endurskoðun samningsfjárhæða skal fara fram 1. janúar 2020.

1.5.6 Greiðslur

Greitt verður fyrir verkið m.t.t. hvern ekinn kílómetra í mánuði. Seljandi skal skila inn reikningum um hver mánaðarmót og skulu þeir sendir skrifstofu Dalabyggðar, Miðbraut 11, 307 Búðardalur. Einungis er greitt fyrir ekna kílómetra.

Samþykktir reikningar verða greiddir af kaupanda, eigi síðar en 15 dögum eftir lok úttektarmánaðar. Eindagi skal vera sá sami og gjalddagi. Reikningur skal berast kaupanda eigi síðar en 15 dögum fyrir gjalddaga.

Verkkaupa er heimilt að óska eftir sundurliðunarblaði með reikningi á ákveðnum leiðum eða í ákveðin tímabil, s.s. fjölda nemenda í ferð o.fl

Seljendum er heimilt að nota greiðsluseðla til stýringar á greiðslum, sér til hagræðis, en mega ekki setja á reikning seðilgjöld eða önnur gjöld sem ekki tengjast seldri vöru/þjónustu. Dalabyggð áskilur sér rétt til að greiða slíka reikninga með millifærslu eða endursenda þá. Reikningar skulu ekki sendir á pappír samhliða rafrænum reikningum.

Falli út akstursdagar samkvæmt skólaakstursáætlun, vegna ófærðar, veðurs, verkfalla eða af öðrum orsökum umfram 5 daga yfir skólaárið, skal greiða sem svarar 50 hundraðshlutum af taxa við hverja ferð. Komi til verkfalls í skóla, skal verktaki fá sama hluta taxa greiddan svo fremi að greiðsla fáiist úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Uppgjör skal fara fram mánaðarlega.

Seljendur skulu fylgja tækniforskriftum um einfaldan rafrænan reikning samkvæmt Staðlaráði Íslands: tækniforskrift TS-136 fyrir reikninga og tækniforskrift TS-137 fyrir kreditnótur (eða útgáfur sem hafa tekið við af þeim). Forskriftirnar má nálgast á heimasíðu Staðlaráðs, án kostnaðar: <http://stadlar.is/stadlastarf/fagstadlarad-i-upplýsingataekni/taekniforskriftir/rafraenar-taekniforskriftir.aspx>.

Að auki má finna frekari leiðbeiningar um rafræna reikninga á heimasíðu Fjársýslu ríkisins: <http://www.fjs.is/fraedsla-og-verklagsreglur/rafraenir-reikningar/>

Dráttarvextir skulu ekki vera hærrí en skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

1.5.7 Áskilnaður

Ef tilboði verður tekið mun verða gerður skriflegur samningur við viðkomandi aðila um þá þjónustu sem útboðið tekur til. Samningstími er þrjú skólaár, frá byrjun skólaárs haustið 2019 til og með loka skólaárs vorið 2022. Skóli hefst þann 23. ágúst 2019 og skal viðkomandi seljandi hefja akstur samhliða skólaári.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kaupa fleiri tíma af seljanda innan samnings þessa í formi aukaverks/aukaverka, sé þess þörf. Tímagjald skal vera hið sama og seljandi býður í útboði þessu.

1.5.8 Vanefndir og uppsögn

Seljandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við samþykkt tilboð og skilmála útboðs/samnings. Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda seljanda er seljandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þess.

Vanefndir seljanda veita kaupanda heimild til að fella niður greiðslur, krefjast afsláttar eða beita öðrum vanefndaúrræðum fjármunaréttar.

Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu seljanda að ræða getur kaupandi rift samningi án fyrirvara.

Leiti seljandi nauðasamninga eða greiðslustöðvunar, verði hann úrskurðaður gjaldþrota eða árangurslaust fjárnám gert í búi hans, er kaupanda heimilt án fyrirvara að segja samningi upp.

Kaupandi mun án bóta rifta samningi í heild eða að hluta á gildistíma:

- a. Ef veruleg breyting á samningi kallar á nýtt innkaupaferli, sbr. 90. gr. OIL. Þetta á t.d. við ef breytingar eru kærðar og niðurstaða kærunefndar er að þær voru ekki heimilar án nýs útboðs.
- b. Ef fyrirtæki, sem upphaflega var valið, hefði átt að vera útilokað frá innkaupaferli, sbr. 1. og 2. mgr. 68. gr. OIL.
- c. Ef á samningstíma kemur í ljós að eitthvað af útilokunarástæðum 68. gr. OIL eiga nú við um fyrirtæki.
- d. Ef ekki hefði átt að gera samning við fyrirtæki í ljósi alvarlegs brots á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim. Þetta á t.d. við ef í ljós kemur eftir að samningur er kominn á að útilokunarástæður 1. og 2. mgr. 68. gr. OIL OIL eiga við um seljanda.

1.5.9 Starfskjör

Seljandi skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn hans, undirverktaka/starfsmannaleiga sem koma að framkvæmd samnings fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi, í samræmi við samninginn, gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Ofangreint skal eiga við óháð lengd starfstíma starfsmanns. Seljandi skal uppfylla skyldur sínar sem notendafyrirtæki skv. lögum um starfsmannaleigur ef þjónusta slíkra fyrirtækja er notuð og ábyrgist gagnvart kaupanda, að starfsmenn á vegum starfsmannaleiga njóti réttinda skv. íslenskum lögum og kjarasamningum.

Hvenær sem er á samningstíma skal seljandi geta sýnt viðkomandi stéttarfélagi og/eða Vinnueftirliti ríkisins fram á að öll réttindi og skyldur skv. ofangreindu séu uppfyllt. Seljandi skal framvísa gögnum sem sýna viðkomandi stéttarfélagi og/eða Vinnueftirliti ríkisins fram á að ofangreind réttindi og skyldur séu uppfyllt innan 5 virkra daga frá þeim degi sem gagna er óskað. Séu gögn ekki afhent innan þess tíma eða seljandi getur ekki sýnt fram á að ofangreind réttindi eða skyldur séu uppfylltar að mati kaupanda, er kaupanda heimilt að innheimta dagsektir úr hendi seljanda að fjárhæð allt að kr. 50.000 án VSK á dag, fyrir hvern starfsmann þar sem réttindi eru brotin á, eða fyrir hvern dag sem gögn eru ekki afhent innan tilgreinds tímafrests. Dagsektir skulu greiðast þar til bætt hefur verið úr. Nái heildarfjárhæð dagsekta 10 % af samningsfjárhæð er kaupanda heimilt að rifta samningi.

Kaupandi áskilur sér jafnframt rétt halda eftir samningsgreiðslum til að greiða vangoldnar launagreiðslur eða samningsgreiðslur beint til starfsmanna undirverktaka/starfsmannaleiga á kostnað seljanda, verði vanefndir gagnvart þeim. Kaupanda er heimilt á samningstíma að fara á starfsstöð seljanda/undirverktaka í samráði við viðeigandi stéttarfélag og Vinnueftirlit ríkisins og fá upplýsingar um starfsmenn og launagreiðslur til þeirra. Seljandi skal gera undirverktaka grein fyrir þessari samningsskyldu.

Kaupanda er heimilt vegna dagsekta eða vangoldinna launa að halda eftir greiðslum eða ganga á verktryggingu sé um hana að ræða og áskilur sér rétt til að ráðstafa greiðslum til þolanda/starfsmanns í samráði við viðkomandi stéttarfélag eftir því sem við á.

Beiting þessara vanefndaúrræða hefur ekki áhrif á gildi verktryggingar geri skilmálar samnings

kröfu um slíka tryggingu.

Sé seljandi staðsettur erlendis, skal framangreint eiga við að svo miklu leyti sem heimilt er samkvæmt lögum heimalandsins. Réttindi starfsfólks skulu að lágmarki uppfylla kröfur Alþjóða Vinnuálastofnunarinnar (ILO).

1.5.10 Umhverfisvernd og félagsleg réttindi

Vara, þjónusta og verkframkvæmd sem seljandi lætur í té skal uppfylla kröfur íslenskra laga og tilskipana Evrópusambandsins á sviði umhverfisverndar og félagslegra réttinda.

1.5.10.1 Vistvæn skilyrði – Umhverfissaðlar hins boðnavöru

Komi í ljós á samningstímanum að framleiðsla boðinnar vöru eða framkvæmd boðinnar þjónustu veldur umhverfisspjöllum áskilur kaupandi sér rétt til að rifta samningi án fyrirvara.

1.5.11 Endurskoðunarákvæði – breytingar á samningstíma

Kaupandi áskilur sér rétt til að gera breytingar á samningi á samningstímanum að því marki sem heimilt er samkvæmt 90. gr. OIL. Breytingar geta bæði verið skv. samkomulagi við seljanda eða aðra aðila ef um vanefndir seljanda er að ræða og nauðsynlegt er að semja við annan aðila um að uppfylla samningsskyldur. Sjá einnig kafla um starfskjör, verð og verðbreytingar og framsal á réttindum og skyldum. Kaupandi áskilur sér rétt til að heimila breytta aðild að samningnum án nýs útboðs ef seljandi verður gjaldþrota.

Ef lagabreytingar eða tækninýjungar kalla á breytingar á umsaminni vöru, þjónustu eða verkframkvæmd, er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samningi á samningstíma innan marka 90. gr. OIL. Sama máli gegnir ef ófyrirséðir tæknilegir örðugleikar hafa komið upp við starfrækslu eða viðhald.

Samkvæmt a lið 1. mgr. 90. gr. OIL þarf að tiltaka með skýrum hætti umfang breytinga og hvers eðlis þær geta orðið. Því rétt að hugsa fyrirfram og tilgreina í skilmálum:

Heimilt er að breyta samningi og rammasamningi án þess að hefja nýtt innkaupaferli í eftirfarandi tilvikum:

a. Þegar skilmálar um breytingar, án tillits til verðmætis þeirra, hafa komið fram með skýrum hætti í endurskoðunarákvæðum samnings, þ.m.t. í ákvæðum um verðbreytingar og valmöguleika. Slíkir skilmálar skulu kveða á um umfang og eðli mögulegra breytinga eða valmöguleika og skilyrða fyrir þeim.

Kaupandi áskilur sér rétt til að gera eftirfarandi breytingar á samningstímanum:

Kaupandi er heimilt að óska eftir breytingu á samningi og akstursleiðum. Eðli málsins samkvæmt geta leiðir eftir atvikum orðið lengri eða skemmri og fer það eftir búsetu nemenda hverju sinni. Þó skal ætíð miðað við boðin einingaverð skv. tilboði í verkefnið og skulu aðilar semja sérstaklega um breytingar og greiðslur vegna þeirra áður en þær koma til framkvæmda.

Eðli málsins samkvæmt má vera ljóst að breytingar geta verið á fjölda farþega milli ára,

upplýsingar um komandi skólaár verða kynntar verksala með hæfilegum fyrirvara ár hvert.

Minniháttar breytingar skulu tilkynntar verktaka með minnst viku fyrirvara en með mánaðar fyrirvara ef bifreið hans rúmar ekki farþegafjölda að óbreyttu. Ef akstursleiðir breytast vegna ófærðar í viku eða lengri tíma, skal taka til endurskoðunar aksturstaða á viðkomandi leiðum

Allar óskir um breytingar, ný verkefni eða niðurfellingu verkefna, skulu aðilar tilkynna skriflega með hæfilegum fyrirvara í samræmi við eðli verkefnisins.

Á sama hátt er seljanda heimilt að óska breytinga, svo fremi að þær hafi engin áhrif á starfsemi kaupanda.

Kaupanda er heimilt að segja upp samningi með eins mánaðar fyrirvara ef engir nemendur eru á viðkomandi akstursleið eða hluta akstursleiðar þannig að hún styttest.

Verktaki skal kappkosta að gera hverja ferð sem þægilegasta fyrir farþega sína og halda áætlun sem kostur er. Hann skal tilkynna skólustjóra án tafar ef röskun verður á akstri af ófyrirséðum orsökum. Sé skólaakstur felldur niður vegna breytinga á kennsluskipan, skal verktaka tilkynnt breytingin með viku fyrirvara og á þá verktaki ekki rétt á neinni greiðslu.

Samningur um breytingar, ný verkefni eða niðurfellingu verkefna skal vera skriflegur og undirritaður af samningsaðilum.

1.5.12 Ábyrgð og tryggingar

Seljandi ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með töldum verkum undirverktaka ef um þá er að ræða og auk þess tjóni er kaupandi eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess.

Kaupandi ber enga ábyrgð á því tjóni sem seljandi kann að verða fyrir á akstursleiðum.

Seljandi skal kaupa allar skyldutryggingar sem lög og reglugerðir kveða á um. Ennfremur skal seljandi að lágmarki kaupa eftirtaldar tryggingar:

Ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem verkkaupi eða þriðji aðili kann að verða fyrir við starfsemi seljanda og vinnu starfsmanna hans.

Óafturkallanlega og óafturkræfa verktryggingu banka fyrir því að seljandi efni skyldur sínar samkvæmt samningi. Miða skal við að upphæð tryggingar samsvari 3 mánaða samningsgreiðslu. Upphæð tryggingar verðtryggist í samræmi við verðtryggingu samningsins. Ábyrgðaryfirlýsingin skal þannig orðuð að kaupandi geti krafist greiðslu tryggingarinnar að öllu eða einhverju leyti og án undangengis dómsúrskurðar. Ábyrgðaryfirlýsing skal gefin út af bankastofnun sem kaupandi samþykkir (sjá tilboðsblað í tilboðshefti). Kaupandi getur krafist greiðslu tryggingarfjárhæðarinnar að einhverju eða öllu leyti án þess að færa sönnur á fjárhagstjón sitt.

Seljandi skal kaupa allar tryggingar vegna starfsmanna sinna í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Ennfremur er seljanda bent á að kaupa sér rekstrarstöðvunartryggingu og tryggingu á lausafé, sem tryggir hann fyrir tjóni af völdum innbrota o.fl. Ef seljandi kys að kaupa ekki slíkar tryggingar, skal hann tryggja rekstraröryggi með sama hætti og tryggingarnar gera ráð

fyrir. Seljandi skal gera grein fyrir hvernig hann hyggst standa að þessum málum.

Seljandi skal sjá til þess að undirverktakar hans kaupi tryggingar með sama hætti ef þeir sinna tilgreindum verkþáttum.

Seljandi skal afhenda kaupanda afrit af öllum tryggingarskírteinum og greiðslukvittunum fyrir iðgjöld, verði þess óskað.

1.5.13 Framsal á réttindum og skyldum

Seljanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum án skriflegs samþykkis kaupanda.

Ef seljandi fær slíka heimild, breytast í engu skyldur seljanda gagnvart kaupanda.

1.5.14 Óviðráðanleg atvik - Force Majeure

Hvorki seljandi né kaupandi verða krafðir um bætur ef óviðráðanleg atvik (force majeure) sem hvorugum aðila verður um kennt svo sem styrjöld, eldsvoði, náttúruhamfarir, verkföll, verkbönn eða annað þess háttar koma í veg fyrir efndir samnings þessa.

1.5.15 Ágreiningsmál

Málum sem kunna að rísa út af viðskiptum þeim sem útboð þetta nær til, skal vísa til Héraðsdóms Vesturlands.

1.6 Þarfa/kröfulýsing

Um er að ræða akstur nemenda til og frá Auðarskóla, grunnskóla og eftir atvikum leikskóla, í Dalabyggð samkvæmt nánari skilgreiningu hér á eftir.

Leikskólabörn eldri en 12 mánaða sem hafa fengið leikskólaláss geta nýtt skólabíl ef pláss er í bílnum enda lengist dagleg akstursleið skólabíls ekki eða einungis óverulega. Elsti árgangur leikskólabarna hefur ávallt forgang ef framboð sæta er takmarkað.

Að jafnaði skulu ekki vera tvö börn yngri en þriggja ára í hverjum bíl.

Verktaki skal kappkosta að gera hverja ferð sem þægilegasta fyrir farþega sína.

Æskilegt er að hver nemandi sé ekki lengur en 55 mínútur í bifreiðinni í hverri ferð.

Bifreiðar skulu stöðva á þeim stöðum sem fram kemur í skólaakstursáætlun skólastjóra hverju sinni.

Óheimilt er að verktaki aki öðrum farþegum í ferðum sem eru hluti af samningi þessum nema með samþykki kaupanda. Verktaki skal gera ráð fyrir 2 aukasætum í bílum fyrir færri en 14 farþega og 3 aukasætum í bílum fyrir fleiri en 14 farþega.

1.6.1 Tímasetningar

Rík áhersla er lögð á að tímasetningar standist fullkomlega og undantekningarlaust, nema mjög óvenjulegar aðstæður s.s. veðurskilyrði á aksturssvæðinu réttlæti annað.

Tímasetningar ferða skulu vera í samræmi við skóladagatal.

1.6.2 Akstursáætlun

Við upphaf skólaárs gerir skólastjóri akstursáætlun samkvæmt kennsluskipan og skipulagi tólmundastarfs hverju sinni sem verktaki skal vinna eftir. Í áætlun kemur fram hversu margar ferðir skulu farnar á dag, hvaða leið skal ekin, á hvaða tímum og á hvaða stöðum bifreiðin skal stöðva til að taka upp nemendur eða hleypa þeim út. Bílstjóri skal vera í beinum samskiptum við fulltrúa Dalabyggðar um hreinsun fyrir skólaakstur þegar þörf er á.

Í akstursáætlun skulu koma fram nauðsynlegar tímasetningar og áætlaður fjöldi akstursdaga á árinu.

Akstur liggur niðri í fríum m.a. á sumrin, um jól og páska en getur að öðru leyti farið fram á tímabilinu 1. janúar til 22. desember.

Hafa skal samráð við skólastjóra ef nauðsyn er talin á að fella niður ferð. Skólastjóri eða staðgengill hans tilkynnir verktaka um frávík frá venjubundinni tilhögun og/eða tímasetningu jafnskjótt og slíkar ákvarðanir liggja fyrir.

Vakin er athygli bjóðenda á að einstaka leiðir geta breyst á samningstíma og eftir atvikum orðið styttri eða lengri og jafnvel fallið niður á samningstíma. Þetta fer eftir fjölda þeirra nemenda sem sækir grunn- og leikskólann hverju sinni og staðsetningu þeirra. Skólastjóra er heimilt að semja við foreldra/aðstandendur nemenda að aka börnum sínum í veg fyrir skólabíl ef það þykir henta og styttest þá akstursleið skólabíls sem því nemur.

Í útboði þessu er átt við að ein ferð sé akstur að skóla og önnur ferð akstur frá skóla.

1.6.3 Akstursleiðir

Fjöldi farþega ræðst af fjölda nemenda sem þurfa á þessari þjónustu að halda hverju sinni. Endanlegur fjöldi farþega ræðst á fyrstu vikum hverrar annar. Áætlaður fjöldi nemenda í skólaakstri á komandi skólaári 2019-2020 er sýndur í eftirfarandi töflu ásamt áætluðum eknum km. pr. dag.

Akstri skólans er skipt í sjö leiðir sem taldar eru upp hér að neðan. Kaupanda er heimilt að gera breytingar á akstursleiðum (þ.m.t. stytta eða lengja akstursleiðir) án þess að það hafi áhrif á umsamið akstursgjald pr. km.

Akstursleiðir til og frá Auðarskóla eru sjö og miðað við væntanlega nemendur veturinn 2019-2020 hefjast þær á eftirtöldum stöðum og lýkur við Auðarskóla, fyrst grunnskóla og síðan leikskóla.

Einstökum akstursleiðum er lýst nánar hér á eftir:

Akstursleið	Áætlaður fjöldi grunnskólanema	Áætlaður fjöldi leikskólabarna	Áætlaðir km.
Leið 1 - hefst við Lindarholt	8	2	40
Leið 2 - Hefst við Lyngbrekku	9	1	50
Leið 3 - hefst við Svarfhól	8	1	13
Leið 4 - hefst við Stóra-Vatnshorn	3		18
Leið 5 - hefst við Neðri-Hundadal	7	2	29
Leið 6 - hefst við Hlíð	8	1	36
Leið 7 - hefst við Steintún	5		33
Samtals	46	7	219

Hver akstursleið hefst þegar fyrsti nemandi kemur í bifreiðina og lýkur þegar síðasti nemandi fer úr bifreiðinni. Ekki er greitt fyrir annan akstur verktaka s.s. að og frá heimili eða að og frá akstursleið.

Fjöldi farþega ræðst af fjölda nemenda sem þurfa á þessari þjónustu að halda hverju sinni sem sést á fyrstu vikum hvers skólaárs.

Vakin er athygli væntanlegra þjófenda á að einhverjir hlutar leiða er að einhverju leiti ekið á malarvegum.

Athygli þjófenda er vakin á því að einstakar leiðir geta breyst á samningstíma og eftir atvikum orðið styttri eða lengri á samningstíma. Þetta fer eftir fjölda þeirra nemenda sem sækir grunnskólann hverju sinni.

Verði fyrirjáanlegar verulegar breytingar á farþegafjölda einstakra leiða á milli ára, þannig að verktaki þurfi hugsanlega að skipta um bifreið, skal honum gert viðvart svo fljótt sem auðið er.

Skólastjóra er heimilt að semja við foreldra/aðstandendur nemenda að aka börnum sínum á móts við skólabíl ef það þykir henta og styttest þá aksturleið skólabíls sem því nemur.

Aksturs dagar eru fimm dagar vikunnar og eru samtals u.þ.b. 180 á hverju ári.

Undirritaður hefur kynnt sér útboðslýsingu Ríkiskaupa og gerir eftirfarandi tilboð í samræmi við það.

1.6.3.1 Tilboðsblað - Leið 1 - hefst við Lindarholt

Skólaárið 2019 – 2020 er áætluð akstursvegalengd 80 km á dag (2 x 40 km), fimm daga vikunnar. Skólatími er áætlaður u.þ.b. 180 dagar.

Áætlaður nemendafjöldi á akstursleiðinni skólaárið 2019-2020 eru 8 grunnskólabörn og 2 leikskólabörn. Það skal tekið fram að nemendafjöldi og akstursleið geta breyst.


Ekið er að morgni samkvæmt eftirfarandi bæjarröð:

- Lindarholt
- Stórholt
- Jaðar
- Hvítidalur 2
- Magnússkógar 3

Nemendur skulu sóttir og skilað heim á hlað á hverjum bæ, ef færð leyfir.


a. Verð á km

Reitur fyrir verð

Leið 1 - hefst við Lindarh...  100%

b. Þjónustunánd

Fjölval. Innan 10 km (15 punktur), Innan 20 km (10,05 punktur), Innan 30 km (4,95 punktur), Utan 30 km (0 punktur)

Leið 1 - hefst við Lindarh...  15 punktur

1.6.3.2 Tilboðsblað - Leið 2 - hefst við Lyngbrekku

Skólaárið 2019 – 2020 er áætluð akstursvegalengd 100 km á dag (2 x 50 km), fimm daga vikunnar. Skólatími er áætlaður u.þ.b. 180 dagar.

Áætlaður nemendafjöldi á akstursleiðinni skólaárið 2019-2020 eru 9 grunnskólabörn og 1 leikskólabarn. Það skal tekið fram að nemendafjöldi og akstursleið geta breyst..


Ekið er að morgni samkvæmt eftirfarandi bæjarröð:

- Lyngbrekka
- Hallsstaðir
- Valþúfa
- Skerðingsstaðir
- Hólar

Nemendur skulu sóttir og skilað heim á hlað á hverjum bæ, ef færð leyfir.


a. Verð á km

Reitur fyrir verð

Leið 2 - hefst við Lyngbre...  100%

b. Þjónustunánd

Fjölval. Innan 10 km (15 punktur), Innan 20 km (10,05 punktur), Innan 30 km (4,95 punktur), Utan 30 km (0 punktur)

Leið 2 - hefst við Lyngbre...  15 punktur

1.6.3.3 Tilboðsblað - Leið 3 - hefst við Svarfhól

Skólaárið 2019 – 2020 er áætluð akstursvegalengd 26 km á dag (2 x 13 km), fimm daga vikunnar. Skólatími er áætlaður u.þ.b. 180 dagar.

Áætlaður nemendafjöldi á akstursleiðinni skólaárið 2019-2020 eru 9 grunnskólabörn og 1 leikskólabarn. Það skal tekið fram að nemendafjöldi og akstursleið geta breyst.


Ekið er að morgni samkvæmt eftirfarandi bæjarröð:

- Svarfhóll
- Leiðólsstaðir
- Höskuldsstaðir
- Saurar

Nemendur skulu sóttir og skilað heim á hlað á hverjum bæ, ef færð leyfir.

a. Verð á km

Reitur fyrir verð

Leið 3 - hefst við Svarfhól  100%

b. Þjónustunánd

Fjölval. Innan 10 km (15 punktur), Innan 20 km (10,05 punktur), Innan 30 km (4,95 punktur), Utan 30 km (0 punktur)

Leið 3 - hefst við Svarfhól  15 punktur

1.6.3.4 Tilboðsblað - Leið 4 - hefst við Stóra-Vatnshorn

Skólaárið 2019 – 2020 er áætluð akstursvegalengd 36 km á dag (2 x 18 km), fimm daga vikunnar. Skólatími er áætlaður u.þ.b. 180 dagar.

Áætlaður nemendafjöldi á akstursleiðinni skólaárið 2019-2020 eru 3 grunnskólabörn. Það skal tekið fram að nemendafjöldi og akstursleið geta breyst.


Ekið er að morgni samkvæmt eftirfarandi bæjarröð:


- Stóra-Vatnshorn
- Vatn

Nemendur skulu sóttir og skilað heim á hlað, ef færð leyfir.

a. Verð á km

Reitur fyrir verð

Leið 4 - hefst við Stóra-V...  100%

b. ÞjónustunándLeið 4 - hefst við Stóra-V...  15 punktur

Fjölval. Innan 10 km (15 punktur), Innan 20 km (10,05 punktur), Innan 30 km (4,95 punktur), Utan 30 km (0 punktur)

1.6.3.5 Tilboðsblað - Leið 5 - hefst við Neðri-Hundadal

Skólaárið 2019 – 2020 er áætluð akstursvegalengd 58 km á dag (2 x 29 km), fimm daga vikunnar. Skólatími er áætlaður u.þ.b. 180 dagar.

Áætlaður nemendafjöldi á akstursleiðinni skólaárið 2019-2020 eru 7 grunnskólabörn og 2 leikskólabörn. Það skal tekið fram að nemendafjöldi og akstursleið geta breyst.



Ekið er að morgni samkvæmt eftirfarandi bæjarröð:

- Neðri-Hundadalur
- Fellsendi 1
- Erpsstaðir
- Kringla
- Miðskógur

Nemendur skulu sóttir og skilað heim á hlað á hverjum bæ, ef færð leyfir.

a. Verð á km

Reitur fyrir verð

Leið 5 - hefst við Neðri-H...  100%**b. Þjónustunánd**Leið 5 - hefst við Neðri-H...  15 punktur

Fjölval. Innan 10 km (15 punktur), Innan 20 km (10,05 punktur), Innan 30 km (4,95 punktur), Utan 30 km (0 punktur)

1.6.3.6 Tilboðsblað - Leið 6 - hefst við Hlíð


Skólaárið 2019 – 2020 er áætluð akstursvegalengd 72 km á dag (2 x 36 km), fimm daga vikunnar. Skólatími er áætlaður u.þ.b. 180 dagar.


Áætlaður nemendafjöldi á akstursleiðinni skólaárið 2019-2020 eru 8 grunnskólabörn og 1 leikskólabarn. Það skal tekið fram að nemendafjöldi og akstursleið geta breyst.

Ekið er að morgni samkvæmt eftirfarandi bæjarröð:

- Hlíð
- Geirshlíð
- Skörð
- Bær
- Álfheimar

Nemendur skulu sóttir og skilað heim á hlað á hverjum bæ, ef færð leyfir.

<p>a. Verð á km</p> <p>Reitur fyrir verð</p>	<p>Leið 6 - hefst við Hlíð  100%</p>
---	---

<p>b. Þjónustunánd</p> <p>Fjölval. Innan 10 km (15 punktur), Innan 20 km (10,05 punktur), Innan 30 km (4,95 punktur), Utan 30 km (0 punktur)</p>	<p>Leið 6 - hefst við Hlíð  15 punktur</p>
---	---

1.6.3.7 Tilboðsblað - Leið 7 - hefst við Steintún

Skólaárið 2019 – 2020 er áætluð akstursvegalengd 66 km á dag (2 x 33 km), fimm daga vikunnar.


Skólatími er áætlaður u.þ.b. 180 dagar.


Áætlaður nemendafjöldi á akstursleiðinni skólaárið 2019-2020 eru 5 grunnskólsbörn. Það skal tekið fram að nemendafjöldi og akstursleið geta breyst.

Ekið er að morgni samkvæmt eftirfarandi bæjarröð:

- Steinstún
- Dunkárbakki
- Blönduhlíð

Nemendur skulu sóttir og skilað heim á hlað á hverjum bæ, ef færð leyfir.

<p>a. Verð á km</p> <p>Reitur fyrir verð</p>	<p>Leið 7 - hefst við Steintún  100%</p>
---	---

<p>b. Þjónustunánd</p> <p>Fjölval. Innan 10 km (15 punktur), Innan 20 km (10,05 punktur), Innan 30 km (4,95 punktur), Utan 30 km (0 punktur)</p>	<p>Leið 7 - hefst við Steintún  15 punktur</p>
---	---

1.7 Gæðakröfur

1.7.1 Bifreiðakostur



Þjóðandi skal geta sýnt fram á að hann hafi yfir að ráða fullnægjandi bifreiðakosti og skal jafnframt sýna fram á tryggn aðgang að varabifreiðum. Með tilboði skal þjóðandi skila skrá yfir þær bifreiðar sem hann hefur yfir að ráða ásamt varabifreiðum, þar sem fram kemur m.a. skráningarnúmer, tegund, sætafjöldi, árgerð og ástand bifreiðanna.

Allar bifreiðar skulu uppfylla öll skilyrði laga og reglugerða um gerð og búnað ökutækja og reglugerðar um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009. Bifreiðar skulu ávallt vera í fullkomnu ástandi og búnar með tilliti til akstursskilyrða á hverjum tíma (þ.m.t. hjólbarðar, drifbúnaður o.fl.). Að auki er gerð sú krafa að vélar hópferðabifreiða uppfylli a.m.k. kröfur EURO IV staðals en jafnframt er óskað að vélin hafi eins háan EURO staðal og hægt er miðað við framleiðsluár hópferðabifreiðar. Verksalar hafa frest varðandi uppfyllingu EURO staðla véla til 1. janúar 2020. Í bifreiðunum skal vera öflug upphitun og skal hitastig í upphafi ferðar að jafnaði vera komið í +12°C. Bifreiðar skulu vera á nagladekkjum frá 15. október – 14. apríl ár hvert.

Öryggi og búnaður bifreiða skal vera í samræmi við 5. grein reglugerðar nr. 656/2009 um skólaakstur í grunnskóla. Meðal skilyrða er að þriggja punkta öryggisbelti séu fyrir alla farþega og eitt sæti fyrir hvern farþega.

Hver bílstjóri skal hafa farsíma og skal skólastjóra tilkynnt um númer hans við upphaf hvers skólaárs. Bifreið sem notuð er til skólaaksturs skal vera reyklaus. Gera skal ráð fyrir rými undir farangur nemenda (skólatöskur, íþróttatöskur o.s.frv.).

Bifreiðar sem verksali notar við skólaaksturinn skulu vera merktar sem slíkar svo ekki verður um villst.

Kyrrstæð ökutæki fyrir utan skólahúsnæði skulu ekki vera í gangi.

Skrá yfir þær bifreiðar sem bjóðandi hefur yfir að ráða til verksins

Viðhengi

Skólaakstur fyrir Dalaby...



1.7.2 Viðbragðstími

Bjóðendur skulu ábyrgjast að viðbragðstími sé ekki meiri en 1 klst. ef bifreið og/eða bifreiðastjóri forfallast í akstri vegna óvæntra aðstæðna s.s. bilana, umferðaróhapps, veikinda o. þ.h.

1.7.3 Bifreiðastjórar

Bifreiðastjórar skulu vera á aldrinum 25 ára til 70 ára, hafa hreint sakavottorð og hafa öll tilskilin leyfi til aksturs með skólabörn gegn gjaldi. Þeir skulu skila inn læknisvottorði í upphafi hvers árs til skólastjóra, vera snyrtilegir, gera sér far um að eiga vinsamleg samskipti við farþega, tala og skilja vel íslensku.

Bifreiðastjóra ber að tryggja að nemendur séu í öryggisbeltum eða bílstólum og skal aðstoða farþega sína í og úr bifreiðinni ef þörf er á. Þeir skulu hafa sótt námskeið í skyndihjálpi a.m.k. einu sinni á síðustu tveimur árum og láta ekki líða lengri tíma á milli upprifjunar meðan samningurinn gildir. Staðfestingu þess efnis skal skilað til skólastjóra annað hvert ár.

Bifreiðastjórar skulu halda uppi aga í bifreiðinni með þeim aðferðum sem teljast eðlilegar í

mannlegum samskiptum. Ef um viðvarandi vandamál er að ræða ber bifreiðastjóra að hafa samband við skólastjóra.

Bifreiðastjóra ber að verða við kvaðningu skólayfirvalda um að mæta tvisvar til þrisvar á hverju skólaári til fundar eða til að sækja námskeið sem snerta starfssvið hans.

Bifreiðastjóra er skylt að gæta þagmælsku um einkamál nemenda og forráðamanna þeirra, er hann fær vitneskju um. Sama gildir um önnur trúnaðarmál skóla. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum. Bifreiðastjórar skrifa undir þagnarskyldu þegar þeir hefja störf.

Þjóðendur eru ábyrgir fyrir því að allir bifreiðastjórar og aðrir starfsmenn þeirra hafi öll tilskilin starfsréttindi og atvinnuleyfi sem tryggi þeim rétt til að vinna við akstur farþegabifreiða áður en til samningsgerðar kemur.

Í upphafi hvers skólaárs skal verktaki tilkynna skólastjóra hver er ökumaður og hver er til vara ef forföll verða. Sami ökumaður skal að öllu jöfnu vera á skólabifreið út skólaárið. Komi til, að skipta þurfi um ökumann skal tilkynna það til skólastjóra. Sá ökumaður þarf að uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram í útboðsgögnum þessum. Einnig ber að afhenda skólastjóra afrit af leyfisskoðun hópabifreiðar innan mánaðar frá skoðun.

Ef kaupandi hefur rökstudda ástæðu til að efast um að ökumaður sem sinnir akstrinum uppfylli öryggissjónarmið, getur hann kallað eftir vottorði til staðfestingar á hæfni ökumannsins.

Kaupandi getur einhliða krafist að bifreiðar eða bifreiðastjórar sem uppfylla ekki ofangreind skilyrði verði vikið úr þjónustu.

1.8 Skilgreiningar og orðskýringar

BJÓÐANDI - Fyrirtæki (verktaki, seljandi eða veitandi þjónustu) sem lagt hefur fram tilboð.

EES - Evrópska efnahagssvæðið – þar með talið Ísland.

OIL - Lög um opinber innkaup nr. 120/2016.

SKAL - Í útboðslýsingu þessari merkir að tiltekið atriði eða krafa er ófrávíkjanleg, þ.e. bjóðandi verður í tilboði sínu að uppfylla slíkt atriði eða kröfu til að tilboðið teljist gilt.

UMBOÐ - Skriflegt skjal þar sem bjóðandi skipar annan einstakling sem umboðsmann hans eða til að koma fram fyrir hans hönd og veitir umboðsmanni vald til að framkvæma ákveðnar aðgerðir fyrir hans hönd svo sem að gera bindandi samning.

VERKKAUPI/KAUPANDI – Stofnun, sveitarfélag eða annar opinber aðili skv. 3. gr. OIL sem kaupir í kjölfar útboðsins.

VERKSALI/SELJANDI - Bjóðandi sem samið er við að undangengnu útboði.

VÖRUFLOKKUR - Ein eða fleiri vörutegundir sem skilgreindar í sérstakan hóp annað hvort

samkvæmt númerakerfi framleiðanda/seljanda eða alþjóðlegu númerakerfi.

VÖRUNÚMER - Ein tiltekin vara sem tilgreind er með einkvæmu númeri annað hvort samkvæmt númerakerfi framleiðanda/seljanda eða alþjóðlegu vörunúmerakerfi.

VÖRUTEGUND - Eitt eða fleiri vörunúmer sem skilgreind eru í sérstakan hóp annað hvort samkvæmt númerakerfi framleiðanda/seljanda eða alþjóðlegu númerakerfi.

ÞARF - í útboðslýsingu þessari merkir að tiltekið atriði eða kröfu er bjóðanda heimilt að uppfylla í mismiklum mæli með tilboði sínu. Hægt að taka slíkt atriði eða kröfu inn í matslíkan útboðslýsingar og meta tilsvareandi tilboðspátt bjóðanda til stiga eða einkunnar.

SKAL - í útboðslýsingu þessari merkir að tiltekið atriði sé óundanþæg krafa.

ÞÁTTTAKANDI – Fyrirtæki sem leitar eftir því eða hefur verið boðið að taka þátt í lokuðu útboði, samkeppnisútboði, samningskaupum, samkeppnisviðræðum eða nýsköpunarsamstarfi.

ÞJÓNUSTUFLOKKUR - Afmarkaðir þættir þjónustu sem eru teknir saman í hóp og boðnir út undir einu heiti.

ÞJÓNUSTUÞÁTTUR - Tiltekin þjónusta.

Sjá einnig orðskýringar í 2. gr. laga um opinber innkaup (OIL). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2016120.html>

1.9 Viðaukar

Sjá viðauka í sérstöku skjali. Viðaukar eru hluti útboðsgagna.

1.9.1 Viðauki A - drög að samningi

1.9.2 Viðauki B - Ábyrgðayfirlýsing

1.9.3 Viðauki C - Umhverfisskilyrði um almenningsamgöngur

<http://vinn.is/pdf/samgonguskilyrdi.pdf>